

Forstöðumaður skal hafa umsjón með fjárreiðum stofnunarinnar, framgangi rannsóknarverkefna og útgáfustarfsemi og annast daglegan rekstur, m.a. ráðningu starfsmanna til minni háttar verkefna. Hann gerir tillögur til stjórnarnefndar um ráðningu starfsmanna að stofnuninni, undirbýr fjárhagsáætlanir og semur árlega skýrslu um starfsemi stofnunarinnar.

5. gr.

Heimilt er í reglugerð fyrir Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála að setja nánari ákvæði um starfssvið stofnunarinnar og starfshætti.

6. gr.

Við gildistöku þessara laga falla úr gildi ákvæði 14. og 15. gr. laga nr. 38/1971, um Kennaraháskóla Íslands.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### **Ákvæði til bráðabirgða.**

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skulu við fyrstu skipun í stjórn Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála tveir af þeim sem skipaðir eru samkvæmt tilnefningu skipaðir til tveggja ára samkvæmt nánari ákvörðun menntamálaráðherra.

*Gjört í Reykjavík, 13. maí 1988.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**  
(L. S.)

---

*Birgir Ísl. Gunnarsson.*

## **AUGLÝSING**

### **um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.**

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Forsætisráðuneytið, 18. maí 1988.*

**Þorsteinn Pálsson.**

---

*Guðmundur Benediktsson.*